

Hafnarfirði, 30. október 2023

Heilir og sælir kæru nemendur!

Nú styttist í annarlök og að mörgu að huga fyrir lokasprettinn. Ég bið ykkur um að athuga að það eru einungis fimm vikur eftir af kennslu á önninni og því mikilvægt að halda vel utan um námið, mæta vel og skila verkefnum. Þá er búið að birta [próftöflu](#) annarinnar. Þeir nemendur sem vilja nýta sér sérúrræði á prófum, sjá nánari upplýsingar [hér](#), geta sótt um það á INNU, frá og með **miðvikudeginum 1. nóvember**.

Þá opnar fyrir **val fyrir næstu önn í dag** en valviku lýkur mánudaginn 6. nóvember. Allir nemendur velja sjálfir, **utan nemenda í bekkjarkerfi á fyrsta ári og á starfsbraut**. Þá þurfa þeir **nemendur sem stefna á útskrift í maí 2024** (eiga 6-8 áfanga eftir) að velja í samráði við Árna Stefán, áfangastjóra. Hægt er að panta tíma hjá honum alla morgna í valvikunni, eða á milli kl. 10 – 12 á INNU.

Athugið að nemendur þurfa að velja sex áfanga að lágmarki auk íþróttar, en **allar leiðbeiningar má finna á [heimasíðu skólans](#)**. Þar má finna brautarlýsingar og er afar mikilvægt að nemendur fylgi sinni braut en einnig má sjá lista yfir þá **áfanga sem eru í boði** á næstu önn, m.a. leikhúsáfanga, söngkennslu, náttúruhamfarir, jákvæða sálfræði, leiðsöguáfanga um Ísland, myndvinnslu, tónlistarsöguáfanga og kynjafræði, svo eitthvað af fjölbreyttu áfangaframboði skólans sé nefnt. Þá vil ég minna á **Námstorg fyrir framan skrifstofu skólans** þar sem umsjónarkennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur eru til aðstoðar með valið, ef þörf er á.

Að lokum vil ég ítreka, enn og aftur, að hjá okkur eru nemendur með ofnæmi. Annars vegar með **hnetuofnæmi** og bið ég því nemendur um að ekki vera með **opnar hnetuumbúðir í kennslustundum**. Hins vegar nemanda sem glímir við alvarlegt **sítrus-ofnæmi**. Við höfum auglýst vel að **allir sítrusávéxtir og vörur þeim tengdum** séu bannaðir en það dugar bara ekki til. Ég biðla því til ykkar, kæru nemendur, um að taka fullt tillit til þessa og **ekki koma með sítrusávéxti - appelsínur/mandarínur/sítrónur/lime – í skólann** á þessum síðustu vikum.

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400





HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022